

Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis 2013

Heilbrigðisnefnd

Heilbrigðisnefnd var þannig skipuð:

Aðalfulltrúar:

Gísli Ó. Valdimarsson formaður
Steingrímur Steingrímsson varaformaður
Jón Bjarni Þorsteinsson
Margrét Halldórsdóttir
Guðmundur Sigurðsson
Gnýr Guðmundsson frá 15. október 2012
Gísli Gíslason

Varafulltrúar:

Sigmundur Halldórsson frá 5. júlí 2012
Þór Ásgeirsson
Ingibjörg Hauksdóttir
Þórir Bergsson
Gísli Gunnarsson
Bryndís Skúladóttir
Richard Hansen

Samkvæmt samstarfssamningi um heilbrigðiseftirlit skiptast Hafnarfjarðarbær og Kópavogsbær á að tilnefna formann og varaformann til tveggja ára í senn.

Heilbrigðiseftirlit tekur til eftirlits með matvælum, hollustuháttum og mengunarvörnum og ber heilbrigðisnefnd að vinna að bættu heilbrigðiseftirliti á svæði sínu, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum. Með vísun til þessara markmiða er eftirlit, vöktun og fræðsla þeir grunnþættir sem unnið er út frá í þverfaglegu starfi stofnunarinnar. Fjárhagsáætlun og eftirlitsáætlun mynda ramma um starfsemi hvers árs en jafnframt er unnið að viðfangsefnum sem heilbrigðisnefnd ákveður til lengri eða skemmri tíma.

Heilbrigðisnefnd hélt 9 fundi á árinu. Samkvæmt fundagerðum voru bókaðir 510 dagskrárliðir. Rúmlega eitthundrað mál tengjast fleiri en einum málaflokki og einstök mál koma til umræðu á fleiri en einum fundi. Í eftirfarandi töflu hafa dagskrárliðir verið greindir samkvæmt fjórum helstu málefnaflokkum sem starfsemin tekur til.

Almenn mál um hollustuhætti, málefni sem tengjast hollustuháttareglugerð, snyrtivörum, varasömum efnum, gæludýrahaldi, tóbaksvörnum o.þ.h.	232
Matvælamálefni	173
Umhverfis- og skipulagsmál	182
Rekstur heilbrigðiseftirlitsins og stjórnýsla	31

Í lok árs 2013 voru á skrá heilbrigðiseftirlitsins 1483 fyrirtæki, stofnanir eða starfsemi sem lúta ber reglubundnu eftirliti. Af þeim fengu 906 aðilar eftirlitsheimsóknir. Tíðni opinbers eftirlits skal vera regluleg og taka mið af áhættu og niðurstaðna úr eftirliti og vera samkvæmt eftirlitsáætlunum. Eftirlitsáætlun ársins gerði ráð fyrir um 1330 eftirlitsferðum tengdum þeim rekstri sem til staðar var í árslok og voru farnar 1470 eftirlitsferðir til umræddra 906 aðila. Til viðbótar var farið í 274 eftirlitsferð á árinu vegna starfsemi þar sem eftirlit er ekki reglubundið eða í ljós kom að starfsemin var annað hvort hætt, starfsemin hafði breyst á þann veg að eftirlit átti ekki lengur við eða starfsemin hætti síðar á árinu. Fjöldi slíkra fyrirtækja eða starfsemi kemur ekki fram í lokatölu ársins um fjölda fyrirtækja, stofnana og starfsemi. Auk þess voru eftirlitsferðir vegna vöktunar umhverfis af ýmsu tagi, kvartana s.s. vegna umgengni á lóðum, sóttvarnaundanþága og skoðunar á íbúðarhúsnæði.

Ýmis starfsemi s.s. í matvælavinnslu og dreifingu, atvinnurekstri sem valdið getur mengun og þjónustustarfsemi, samkvæmt nánari skilgreiningum, á að hafa starfsleyfi frá viðkomandi heilbrigðisnefnd og sækja skal um starfsleyfi áður en starfsemi hefst. Fyrirtæki og starfsemi getur einnig verið eftirlitsskyld án þess að þurfa starfsleyfi. Starfsleyfi sem heilbrigðisnefnd veitir voru 1277 í árslok og 98 starfsleyfi til viðbótar voru í vinnslu. Tæplega 93% eftirlitsskyldrar starfsemi er þannig með leyfi eða starfsleyfi í vinnslu. Einn mælikvarði á virkni stjórnýslu og eftirlits er sá fjöldi fyrirtækja, stofnana og starfsemi sem eru með sín starfsleyfismál í lagi eða í vinnslu á hverjum tíma. Ýmsar ástæður eru fyrir því að öll fyrirtæki

sem eru starfsleyfiskyld hafi ekki gild starfsleyfi. Hjá atvinnurekstri sem valdið getur mengun er oft með óstöðuleika í rekstri að ræða eða því við borið við starfsemin falli ekki að skilgreiningu reglugerðar um atvinnurekstur sem valdið getur mengun.

Hér á eftir verður gerð nánar grein fyrir eftirlitsstörfum, umhverfisvöktun og öðrum störfum heilbrigðiseftirlitsins. Þau flokkuð eins og hægt er í fjóra aðal málaflokka, matvæla, hollustuhátta, mengunar- og umhverfismál og stjórnun heilbrigðiseftirlitsins.

Matvælaeftirlit

Um málaflokkinn gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Tilgangur laganna er að tryggja svo sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi.

Alls voru 84 umsóknir um starfsleyfi teknar til umfjöllunar. Auk matvæla laga er vísað í ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs og í sumum tilvikum til ákvæða í lögum og reglugerðum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einni umsókn var vísað frá þar sem aðstæður til matvæladreifingar voru ekki til staðar.

65 umsóknir voru fyrir nýja starfsemi.

12 umsóknir voru vegna endurnýjunar eða breytinga á rekstri.

7 umsóknir voru vegna tímabundinnar starfsemi.

	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur	Alls
Framleiðsla og pökkun	2	7	6	15
Verslanir og vörugæmslur	5	10	15	30
Veitingastaðir, gisting og mötuneyti	6	9	17	32
Annað		1	6	7
Alls	13	27	44	84

Reglugerð um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

Fjöldi umsókna 2013 um starfsleyfi flokkuð eftir starfsemi og staðsetningu.

Veitingastaðir og gististaðir, þar sem matvæli eru á boðstólum eru flokkaðir sem matvælafyrirtæki. Sú starfsemi hefur jafnframt starfsleyfi samkvæmt hollustuháttareglugerð og eftir atvikum samkvæmt reglugerðum um mengunarvarnir. Starfseminni ber jafnframt að afla rekstrarleyfis útgefnu af viðkomandi sýslumanni samkvæmt ákvæðum laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Markmið þeirra laga er að tryggja allsherjarreglu í starfsemi veitinga- og gististaða og við skemmtanahald og stuðla að stöðugleika í rekstri, sem og að starfsemi falli að skipulagi viðkomandi sveitarfélags hverju sinni. Heilbrigðisnefnd er umsagnaradili til sýslumanns vegna útgáfu rekstrarleyfis og í umsógn sinni ber nefndinni að gæta að samræmi við starfsleyfi, grenndaráhrifum starfseminnar, þ.m.t. hljóðvist og að starfsemin fullnægi kröfum laga um framleiðslu og dreifingu matvæla, sbr. lög um matvæli og hollustuháttum og sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Á árinu bárust frá sýslumönnum 47 beiðnir um umsagnir vegna rekstrarleyfa fyrir veitingastarfsemi og 15 beiðnir um umsagnir vegna tækifærisleyfa þar sem matvæli yrðu á boðstólum.

Umsögn var veitt Matvælastofnun vegna úttektarkerfis fyrir opinbert eftirlit með matvælum. Úrskurður kom frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti þar sem staðfest var ákvörðun heilbrigðisnefndar um að varan Kickup væri fæðubótarefni og skyldi fara með samkvæmt matvælalögum.

Kvartanir og ábendingar vegna matvæla voru alls 82 á árinu. Kvartað var vegna ófullnægjandi innihaldsmerkinga 31 sinni. Um slæma meðferðar matvæla 18 sinnum. Til

slæmrar meðferðar teljast m.a. kvartanir um að vara sé höfð á boðstólum lengur en leyfilegt er eða skemmd þegar kemur að neyslu. Ábending kom 13 sinnum um ónógt hreinlæti og hugsanlega matarsýkingu 5 sinnum. Aðrar kvartanir voru af margvíslegum ástæðum.

Matvælafyrirtæki er fyrirtæki eða einstaklingur sem rekur starfsemi í tengslum við framleiðslu, vinnslu eða dreifingu matvæla á einhverju stigi, hvort sem það starfar í ágóðaskyni eður ei og hvort sem það er einkarekið eða opinbert fyrirtæki. Við matvælaeftirlit er heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku. Á árinu voru tekin til örverugreininga 21 sýnishorn vegna eftirlits með matvöru á markaði. Auk þess voru notaðar rúmlega 220 ræktunarskálar í hreinlætiseftirliti í mötuneytum og veitingastöðum. Ræktunarskálar hafa reynst vel til að sýna fram á nauðsyn hreinlætis.

Fylgst er með neysluvatni til að afla upplýsinga um ástand þess með tilliti til efna-, eðlis- og örverufræðilegra þátta. Tekin voru á árinu 85 sýnishorn til mælinga í þeim tilgangi. Einnig voru tekin sýnishorn vegna heildarúttektar á efnasamsetningu. Sýnishornin eru tekin á mismundandi árstímum, bæði úr vatnsbólum og dreifkerfinu. Gæði neysluvatns í umdæminu er gott og styrkur allra efna er innan hámarksgilda reglugerðar nr. 536/2001, um neysluvatn. Upplýsingar um niðurstöður mælinga er birtar á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins.

Framkvæmdastjóri er í samstarfshópi heilbrigðiseftirlitssvæðanna og Matvælastofnunar um matvælaeftirlit. Í samstarfshópnum er rædd framkvæmd og skipulagning eftirlitsverkefna ásamt samræmingu matvælaeftirlits milli eftirlitssvæða. Hópurinn kom saman fimm sinnum á árinu. Það hefur verið markmið að taka virkan þátt í samræmdum eftirlitsverkefnum sem hægt er að tengja starfsemi í umdæminu. Slík samstarfsverkefni sem unnið var að á árinu voru eftirfarandi:

- Svínahakk og sannprófun við örverufræðileg viðmið

Mikilvægi verkefnisins felst í að kanna m.a. meðhöndlun hráefnisins og hvort að kælikeðjan haldist órofin til neytenda. Tekin voru 4 sýni í verslunum og send til örverufræðigreiningar hjá rannsóknarstofu.

- Upprunamerking matjurta.

Samkvæmt reglugerð um merkingu matvæla nr. 503/2005 skulu upplýsingar um upprunaland matjurta sem getið er um í viðauka reglugerðarinnar vera merkt á umbúðir eða vera vel staðsett og sýnileg viðskiptavinum á sölustað.

- Merkingar á erfðabreyttum matvælum.

Matvælastofnun mun taka saman niðurstöður úr þessum verkefnum

Auk þess var kannað í staðbundnum verkefnum hreinlæti, umgengni og innihaldsmerkingar hjá sælgætisbörum á eftirlitssvæðinu auk sannprófunar á hvort örverufræðilegum viðmiðum og hreinlæti væri fylgt við rekstur á ísvélum.

Fjöldi fyrirtækja sem sinna framleiðslu, geymslu eða dreifingu matvæla var í lok árs 432 á skrá. Áætlaður fjöldi eftirlitsferða í fyrirtæki sem framleiða eða dreifa matvöru voru í eftirlitsáætlun ársins 694. Skráðar eftirlitsferðir urðu alls 708. Eftirlitsferðir í fyrirtæki og stofnanir sem hættu rekstri á árinu eru ekki meðtaldar í þessum tölum en fjöldi eftirlitsferða í verslanir og mötuneyti vegna sérstakra verkefna eru meðtaldar. Vakin er athygli á að eftirlit vegna tóbaksvarna, mengunarvarna og sölu á vörum sem innihalda hættuleg efni fer einnig fram hjá fyrirtækjum þar sem það á við.

	Framleiðsla, pökkun	Heildsala, flutningur	Stóreldhús	Smásala	Vatnsveitur	Annað	Alls
Eftirlitsstaðir og ferðir							
Fj. staða	28	29	232	89	7	47	432
Fj. heimsóttara staða	21	14	204	95	5	26	365
Fj. eftirlitsferða	35	19	336	234	51	33	708
Fj. staða með alvarlegar athugasemdir.	7	2	8	16	0	0	33
Innra eftirlit, stöðumat							
Grunnpættir							
Fjöldi staða		13	63	69	2	47	194
Ekki til staðar							
Almennt							
Fjöldi staða	22	13	173	20	2		230
Ekki til staðar	15	11	161	20	1		208
HACCP							
Fjöldi staða	19	4	5	0	3		31
Ekki til staðar	17	4	0	0			21

Matvælaeftirlit; Fjöldi staða 31.12. 2013, áætlaður fjöldi eftirlitsferða og skráðar eftirlitsferðir.

Hollustuhættir

Starfsleyfisumsóknir voru 77 samkvæmt ákvæðum hollustuháttareglugerðar.

Í sumum tilvikum er í starfsleyfi einnig vísað til annarra laga og reglugerða:

54 umsóknir voru fyrir nýja starfsemi.

20 umsóknir voru vegna endurnýjunar eða breytinga á rekstri.

3 umsóknir voru vegna tímabundinnar starfsemi

Meðhöndlun og dreifing matvæla á sér stað í sumum fyrirtækjum sem flokkast hér s.s. í skólum, leikskólum, sjúkrahúsum, vistheimilum og félagsmiðstöðvum. Veitingastaðir og gististaðir sem þurfa að hafa starfsleyfi samkvæmt hollustuháttareglugerð og matvælalögum eru flokkaðir sem matvælafyrirtæki. Vegna kröfu um mengunarvarnabúnað við tannlæknastóla eru tannlæknastofur flokkaðar með starfsemi vegna mengunarvarna.

	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur	Alls
Gisti- og samkomu- staðir	6	12	8	26
Snyrtistofur hvers konar		4	5	9
Heilbrigðis- og meðferðarstofnanir	1	5	2	8
Daggæsla, leikvellir, skólar, leikskólar kennslustaðir	4	8	5	17
Íþróttastarfsemi og samkomuhald		1	2	3
Verslun og dreifing vöru sem inniheldur hættuleg efni (aðrar en matvöruverslanir)*	2	3	5	10
Annað		1	5	4
Alls	13	34	30	77

Hollustuháttareglugerð; Fjöldi umsókna árið 2013 um starfsleyfi, flokkuð eftir starfsemi og staðsetningu.

Á árinu bárust 18 beiðnir frá sýslumönnum um umsógnir vegna rekstrarleyfa fyrir gististaði samkvæmt ákvæðum laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007. Um er

að ræða 11 hótél eða gistiheimili og sjö gististaði á einkaheimilum. Umsagnir voru gerðar vegna tækifærisleyfa vegna tónleikahalds og annarra skemmtana án veitingasölu. Nokkur fjöldi umsagna eru veittar á hverju ári vegna dansleikjahalds í íþróttahúsum en oftast fer þá veitingasala einnig fram. Sjá kafla um matvælaeftirlit vegna þessa.

Kvartanir vegna hollustuháttamála voru 188. Flestar eða 59 voru vegna dýrahalds eða flækingsdýra, svo sem katta, dúfna, kanína, hesta og fóðurgjafa til fugla o.þ.h. Kvartanir af þeim toga voru 59. Kvartanir vegna íbúðarhúsnæðis reyndust 56 en fyrirspurnir vegna tengsla íbúðarhúsnæðis og heilsu hefur fjölgað undanfarin ár. Óþægindi vegna óþrifnaðar við rekstur fyrirtækja eða þjónustu leiddi til 31 kvörtunar. Kvartanir og ábendingar vegna meindýra voru 21. Auk þess eru almennar kvartanir 108 en þeim hefur fækkað verulega milli ára. Flestar í þeim flokki eru vegna sorps og úrgangs eða slæmrar umgengni um lóðir. Kvartanir vegna úrgangs eða slæmrar umgengni um lóðir verða oft tímafrekar í úrvinnslu og eru oft vegna starfsemi sem ekki er eftirlitsskyld eða vegna búsetu í húsnæði sem ætlað er til annarra nota. Kvartað var 36 sinnum vegna farartækja sem skilin voru eftir í misjöfnu ástandi á almannafæri og voru almenningi til ama. Veruleg fækkun hefur orðið í þessum kvartanaflokkum frá fyrri árum. Starfsmenn þjónustumiðstöðva sveitarfélaganna hafa jafnframt afskipti af nokkrum tugum bifreiða án númera. Slíkum afskiptum hefur fækkað verulega undanfarin misseri.

Kvartanir um óþægindi vegna kattahalds voru 39 á árinu og 179 kettir voru vistaðir tímabundið í kattageymslu. Kvartað er yfir lausagöngu, að óboðnir kettir komi inn með heimilisketti, læður gjóti undir illa frágengnum sólpöllum, kettir sem sjáist séu villikettir o.þ.h.

Um áramótin 2012-2013 voru á skrá 2380 hundar í umdæmi heilbrigðisnefndar. Fjölgun um 9 hunda er að ræða frá árinu áður en hafa verður í huga að afskráningar berast oftast upp úr áramótum. Hlutfall eigenda sem sótt hafa námskeið í hunduppeldi eykst stöðugt og hafa 1474 eigendur hunda hafa sótt slík námskeið og 8 hundar eru notaðir til leitar- og björgunarstafa. Kvörtunum vegna hunda og hundahalds er haldið aðgreindum frá öðrum kvörtunum vegna dýrahalds og hollustuháttamála. Alls bárust 186 kvartanir vegna hunda á árinu. Aðal umkvörtunarefnið var eins og undanfarin ár um lausa hunda eða 87 tilviki. Til meðferðar á árinu komu 25 mál sem tengjast ógnunum hunds á fólk eða dýr. Oftast er um að átök milli hunda sem glefsa hver í annan en tugur mála er vegna þess að hundur bítur eða glefsar í fólk.

Búfjárestirlit samkvæmt ákvæðum laga um búfjárhald er í umsjón heilbrigðiseftirlitsins og árið 2013 er síðasta árið sem slíkt eftirlit verður hjá sveitarfélögunum. Ný lög um velferð dýra taka gildi í byrjun árs 2014. Lítil breyting hefur orðið í umfangi búfjárhalds milli ára. Auknar skyldur eru lagðar í þeim lögum á sveitarfélögin varðandi hjálparskyldu, handsömunarskyldu og vörsluskyldu dýra og kemur það til með að krefjast verulegs vinnuframlags og kostnaðar.

Heilbrigðisnefnd vakti athygli Umhverfis- og auðlindaráðuneytis á ófullnægjandi regluverki varðandi gististarfsemi svo sem í fjöleignahúsum og fasta búsetu fólks í húsnæði sem ekki er samþykkt íbúðarhúsnæði. Hefur það leitt til búsetu fólks í ófullnægjandi húsnæði þar sem ekki er tryggður eðlilegur aðgangur að vatni og hreinlætisaðstöðu.

Á vegum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga störfuðu tveir vinnuhópar á sviði hollustuháttamála. Hollustuháttahópur og efnavöruhópur. Heilbrigðiseftirlitið leggur til einn starfsmann í hvorn hóp.

Vinnuhópur um hollustuhætti undirbýr tillögur að samræmdum verklagsreglum, leiðbeiningum og starfsleyfisskilyrðum. Hópurinn kemur saman að jafnaði mánaðarlega fyrir utan sumarið og voru á árinu haldnir 10 fundir hjá hópnum. Vinnuhópurinn undirbjó framkvæmd eftirlitsverkefni um sundlaugar. Farið var í verkefnið sem sneri að hollustuháttum

samkvæmt reglugerð nr. 814/2010 á alls 13 sundstöðum. Skýrsla um verkefni er í vinnslu hjá Umhverfisstofnun. Jafnframt fer starfshópurinn í árlega kynnisferð til samræmingar á framkvæmd eftirlits milli svæða. Á árinu fór þessi samræming og þjálfun fram á eftirlitssvæðinu.

Í efnavörúhópi hefur verið rætt um eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnum og vörum sem innihalda slík efni. Ýmis framkvæmd og skipulagning samstarfs- og eftirlitsverkefna á þeim málum undirbúin. Efnavörúhópurinn kom saman 6 sinnum á árinu og lauk við gerð skýrslu úr eftirlitsverkefni frá fyrra ári um merkingar á efnavörum í stórmörkuðum. Efnalög nr. 61 voru staðfest 8. apríl 2013 og fluttust leyfisveitingar og eftirlit sem verið hafði samkvæmt ákvæðum laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni frá heilbrigðisnefndum. Í ljósi þess var ekki farið í nein eftirlitsverkefni á árinu og starfsemi efnavörúhópsins var lokið í enda árs.

Vegna reglubundins hollustuháttaeftirlits er algengast að áætluð sé ein eftirlitsferð á ári eða eftirlitsferð annað hvert ár. Til sumra fyrirtækja eru þó áætlaðar fleiri ferðir og allt að fimm eftirlitsferðir til stórra undastaða. Skráðar eftirlitsferðir urðu alls 560 samkvæmt eftirfarandi flokkun. Eftirlitsferðir í fyrirtæki og stofnanir sem hættu rekstri á árinu eru ekki meðtaldar. Áætlaður fjöldi eftirlitsferða í fyrirtæki sem eftirlitsskyld eru samkvæmt reglugerð um hollustuhætti að undanskildum veitingastöðum og tannlæknastofum var í eftirlitsáætlun ársins áætlaður 493.

	Fegrunar- og snyrtistarfsemi	Verslun með varasöm efni	Gisting, sambyli ofl.	Fræðsla-, íþróttir og menning	Heilbrigðis-þjónusta	Alls
Fj. staða 31.12.2013	100	127	60	260	44	591
Fj. staða sem fengu eftirlit	75	46	32	187	29	369
Fj. eftirlitsferða	100	58	43	314	45	560

Hollustuháttaeignir

Fjöldi staða 31.12.2013. Áætlaður fjöldi eftirlitsferða og skráðar eftirlitsferðir.

Til fegrunar og snyrtistarfsemi telst hársnyrtung, snyrtistofur, ljósastofur, húðflúr og húðgötun. Heildsala og smásala á vörum sem innihalda eiturefni og hættuleg efni er flokkuð sem verslun með varasöm efni. Matvöruverslanir sem selja slíkar vörur að einhverju marki eru aðeins skráðar í töflu um matvælaeftirlit. Gististaðir, skólar og félagsaðstaða þar sem matvælum er dreift flokkast m.t.t. hollustuháttaeftirlits. Veitingastaðir flokkast sem matvælafyrirtæki þó svo sinna þurfi þar ekki síður eftirliti samkvæmt ákvæðum reglugerðar um hollustuhætti. Tannlæknastofur eru flokkaðar í töflu vegna mengunarvarnaeftirlits.

Tóbaksvarnir

Tóbakssala fer yfirleitt fram í verslunum sem selja matvæli og í veitingahúsum. Ein sérverslun er með tóbak. Endurnýjuð voru 12 leyfi til smásölu á tóbaki samkvæmt ákvæðum tóbaksvarnalaga. Eigendaskipti urðu að sjö sölustöðum og 5 ný smásöluleyfi voru veitt. Þann 31.12.2013 voru smásölustaðir tóbaks alls 52 í umdæminu. Samkomustaðir voru 11 og verslanir 41.

Á árinu 2013 voru 15 kvartanir skráðar vegna tóbaksmálefna. Tólf kvartanir voru um sölu tóbaks til ungmenna. Aðrar kvartanir voru: um að ungmenni væru neydd til að selja tóbak, tóbaksreykingar væru heimilaðar í mötuneyti og óþægindi vegna tóbaksreykinga nágranna. Stöðumatsskýrslu vegna tóbakseftirlits voru teknar saman í apríl og ágúst um niðurstöður úr eftirliti. Ástæða er til að vekja athygli á að í yfir 30% sölustaða hefur yngra fólk en 18 ára við afgreiðslustörf á stöðum þar sem sala fer að jafnaði fram á tóbaki. Einnig hefur færst í vöxt að tóbak sé geymt fyrir sölu í skápum sem festir eru ofarlega á vegg við afgreiðslukassa verslana. Nokkuð ber á að skápar þessir séu látnir standa opnir þó ekki sé verið að afgreiða úr þeim tóbaksvörur.

Umhverfiseftirlit

Alls 87 umsóknir um starfsleyfi voru til meðferðar, þar sem eftirlit byggist á ákvæðum í mengunarvarnareglugerðum. Í sumum tilvikum er í starfsleyfi einnig vísað til annarra laga og reglugerða:

56 umsóknir voru fyrir nýjar starfsemi.

20 umsóknir voru vegna endurnýjunar, breytingar á starfsemi og endurskoðunar.

11 fyrir tímabundna starfsemi.

	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur	Alls
Bílgrein	3	9	17	29
Efnaiðnaður, prentun og framköllun	0	1	4	5
Kjötvinnsla o.þ.h.	0	1	1	2
Fiskvinnsla	0	4	1	5
Málmiðnaður og verkstæði	1	10	6	17
Trésmíðaverkstæði	0	0	3	3
Tannlæknastofur	1	0	3	4
Jarðefna, steinvinnsla og einingaverksmiðja	0	1	0	1
Skólp og úrgangur	0	1	0	1
Annað	1	4	4	9
Tímabundin starfsemi svo sem niðurrif húsa og brennur	2	5	4	11
Alls	8	36	43	87

Reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Fjöldi umsókna um starfsleyfi flokkuð eftir starfsemi og staðsetningu 2013.

Umsögn var veitt til Umhverfisstofnunar vegna vinnu við endurskoðun á reglugerð um urðun úrgangs og 14 umsagnir voru veittar um skipulagsmál til sveitarfélaganna og ein umsögn um umhverfismat var send skipulagsstofnun. Ennfremur voru fimm umsagnir veittar til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um flugeldasýninga.

Í tilefni af kæru staðfesti Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála ákvörðun heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis frá 25. júní 2012 um að endurnýja starfsleyfi bílaþvottastöðvar að Reykjavíkurvegi 54, Hafnarfirði.

Lóðahreinsun á einstökum lóðum og svæðum er stöðugt verkefni sem skilar oftast tímabundnum árangri. Fyrri reynsla hefur sýnt að slæm umgengni á athafnasvæðum hefur sterka tilhneigingu til að leita aftur í sama farið. Ástæður þessa hafa oft verið skýrðar með óljósri tilfinningu umráðaaðila fyrir ábyrgð sinni og hægagangi í uppbyggingu og frágangi atvinnusvæða.

Sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir skulu gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að gæði vatns sem tekið er til neyslu og vatns sem kann að verða tekið síðar sem neysluvatn geti hrakað eða spillst. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa staðið sameiginlega að ákvörðun verndarsvæða og setningu heilbrigðissamþykktar fyrir vatnsvernd. Hvert heilbrigðiseftirlitssvæði sér um reglubundið eftirlit innan sinnar lögsögu en sérstök framkvæmdastjórn sér um samræmingu eftirlits samkvæmt heilbrigðissamþykktinni. Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu hélt 5 fundi á árinu 2013. Bókaðir voru 9 dagsskrárliðir á fundum stjórnarinnar. Fundagerðir framkvæmdastjórnarinnar eru teknar til umræðu og afgreiðslu á fundum heilbrigðisnefnda. Á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er hafin vinna við endurskoðun á svæðisskipulagi vatnsverndar. Heilbrigðisnefnd hefur beint því til sveitarstjórnanna að samhliða þeirri vinnu verði mótuð samgöngustefna fyrir Bláfjallasvæðið. Í Bláfjöllum er aðal ákomusvæði úrkomu sem neysluvatnsöflun höfuðborgarsvæðisins byggir á og verður í slíkri stefnu að gæta sérstaklega

að vatnsverndarhagsmunum. Tryggja þarf m.a. að farið verði í nauðsynlegar úrbætur áður en nokkrar framkvæmdir verði heimilaðar í Bláfjöllum, þ.m.t. á skíðasvæðum.

Umhverfissvöktun yfirborðsvatns vegna útivistar og verndunar náttúrulegra gæða var framhaldið á árinu. Ennfremur eru strendur vaktaðar í sama tilgangi og til að fylgjast með hvort förgun skólps telst viðunandi. Á árinu voru í þessum vöktunarverkefnum tekin til örverumælinga 111 sýni úr sjó við strendur og 110 sýni í lækjum og vötnum. Auk þess voru 5 nóróveirusýni, 6 næringarefnasýni og 6 frumefnasýni tekin á árinu úr vötnum vegna vöktunar náttúrulegra gæða. Niðurstöður eru birtar jafnóðum á heimasíðu. Vegna rangtenginga á skólpi voru í tengslum við úrbætur árangur kannaður með sérstökum sýnatökum.

Vatnatilskipunin Evrópusambandsins var innleidd hér á landi með lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Til stjórnar vatnamála teljast reglugerðir til varnar mengun vatns og grunnvatns, fráveitur og skólpi og fleiri reglugerðir á sviði umhverfisverndar. Með stjórn vatnamála er komið á lögbundinni stjórnun og verndun vatns óháð stjórnsýslumörkum, ólíkri stefnumörkun gera á áætlun um aðgerðir til að bæta ástand vatns eða viðhalda góðu ástandi þess. Í lögnum nær skilgreining á vatni yfir ár, stöðuvötn, árósa, sjávarlón, strandsjó, grunnvatn og jökla. Sem þátttakandi í þessu stjórnunarstarfi tekur heilbrigðisfulltrúi þátt í störfum vatnasvæðisnefndar á vatnasvæði 4 (Suðvestur- og Vesturland).

Birt hefur verið á vef Umhverfisstofnunar „Stöðuskýrsla fyrir vatnasvæði Íslands. Skipting vatns í vatnshlot og mat á helsta álagi af starfsemi manna á vatn.“ Stöðuskýrslan er fyrsta skrefið í gerð heildstæðrar vatnaáætlunar. Í henni er fjallað um skiptingu vatns í vatnshlot og gerðir, þætti sem geta valdið álagi á vatn og hvort hætta sé á að vatnshlot standist ekki umhverfismarkmið um gott ástand. Stöðuskýrslan var unnin undir umsjón Umhverfisstofnunar í samráði við vatnasvæðanefndir og komu auk þess ráðgjafanefndir, heilbrigðisnefndir sveitarfélaga og sérfræðistofnanir að gerð hennar.

Með breytingum á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir sem staðfestar voru í lok árs 2013 ber heilbrigðisnefndum sveitarfélaga að afla upplýsinga, meta loftgæði, setja upp og reka mælistöðvar eftir því sem þörf er á, og tryggja að upplýsingar um loftgæði séu aðgengilegar almenningi, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Í dag eru í rekstri tvær loftgæðamælistöðvar sem nýtast í þessum tilgangi. Færanleg loftgæðamælistöð hefur verið staðsett í Lækjarbotnum allt árið 2013 og frá því í byrjun nóvember hófust mælingar að Norðurhellu 2, í Hafnarfirði.

Rio Tinto Alcan Íslandi hf. og Umhverfisstofnun reka mælistöð vegna loftgæða á Hvaleyrarholti. Metin eru loftgæði m.t.t. svifryks, köfnunarefnasambanda og brennisteinsambanda. Hægt er að skoða niðurstöður mælinga á hverjum tíma á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins. Einnig fara þar fram mælingar á flúor.

Kvartanir sem skráðar eru sem mengun voru 84 og er sá flokkur nokkuð fjölbreytilegur. Þrettán atvik eru skráð sem mengunaróhöpp, efnaslys eða minniháttar olíuóhöpp. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins sinnti einnig mengunarslysum og óhöppum til viðbótar sem ekki eru í þessum tölum. Í fáeinum tilvikum ollu olíuóhöpp óþægindum og kostnaði þó um lítið magn af olíu væri að ræða. Má þar nefna að bifreið sem lak olíu var skilin eftir á bílaplani. Úrkoma varð til þess að olían flæddi út á umferðaræð og dreifðist um stórt svæði, götuna og inn á bílastæði og gangstéttar og með miklum óþrifum. Annað dæmi má nefna þar sem hulinn olíutankur í jörð í íbúðarhverfi laskaðist við framkvæmdir. Lítið magn af olíu var í tanknum en vegna rigninga lak hún út í jarðveginn. Afleiðingin varð lyktarmengun í a.m.k. tveimur nærliggjandi húsum sem varði í nokkurn tíma.

Þrjú mengunarslys á svæðinu fengu nokkra umfjöllun í fjölmiðlum. Í febrúar fór töluverð olía út í umhverfið þegar verið var að dæla olíu á eldsneytistank á bensínstöð. Í fyrstu var talið að

um lítið magn hafi verið að ræða og voru viðbrögð í samræmi við það. Síðar kom í ljós að magnið var mun meira og barst olía m.a. í regnvatnskerfi bæjarins og þaðan í yfirborðsvatn. Í maí mánuði varð olíuslys, flugóhapp í Bláfjöllum. Með réttum viðbrögðum og vegna hagstæðra aðstæðna náðist að hreinsa megnið upp en atvikið fékk mikla umfjöllun. Loks má nefna að mengunar varð vart í Kópavogslæk helgina 11. og 12. maí 2013. Litaðist lækurinn af hvítu sviflægu efni er varði á þriðja sólarhring. Mengunin var við eftirgrennslan rakin til viðhalds á þaki bílageymslu í Breiðholti. Um var að ræða pússningar- og málningarvinnu, þar sem hvítu dufti hafði verið hellt niður í ræsi á bílastæði sem síðan átti greiða leið út í regnvatnskerfi Reykjavíkurborgar þaðan undir Reykjanesbrautina og áfram í Kópavogslækinn. Annars var Kópavogslækur undir nokkru álagi 2013 því einnig bærust ábendingar um olíubræk í júní og júlí og var ein þeirra rakin til yfirborðsvatns sem barst frá nærliggjandi íbúðarsvæði.

Þann 30.10.2013 kviknaði í flutningaskipinu Fernöndu vestan Vestmannaeyja. Þegar talið var að eldurinn væri kulnaður dró varðskip skipið inn til Hafnarfjarðar. Svo illa tókst til að eldurinn blossaði upp á ný. Ekki tókst að hemja eldinn og var skipið dregið út aftur síðla sama dag. Á meðan á þessu stóð lagði reyk yfir hafnarsvæðið og um tíma einnig inn í nærliggjandi íbúðabyggð.

Skýrsla Náttúrfræðistofnunar Íslands „Þungmálmur og brennisteinn í mosa á Íslandi 1990-2010: áhrif iðjuvera” var kynnt á árinu. Í skýrslunni er fjallað um loftmengun í nálægð stóriðju. Í framhaldi af umræðu í kjölfarskýrslunnar ákvað Hafnarfjarðarbær að fara í frekari mengunarmælingar. Mælingar voru gerðar á mengun í mosa og loftgæðamælingar hófust haustið 2013. Skýrsla um mælingar á mosa verður birt í apríl 2014 og bráðbirgðaskýrsla um loftgæðamælingarnar. Loftgæðamælingunum verður síðan framhaldið á árinu 2014.

Tannlæknastofa er starfsleyfis- og eftirlitsskyld starfsemi samkvæmt reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999 og reglugerð um mengunarvarnaeftirlit nr. 786/1999. Á eftirlitssvæðinu voru 53 tannlæknastofur. Í framhaldi af eftirliti var birt skýrsla á heimasíðu. Helstu niðurstöður voru að sótt- og dauðhreinsibúnaður var til staðar á öllum stöðum og í öllum tilfellum var hann skoðaður reglulega með tilliti til virkni. Söfnun á og utanumhald um spilliefnin var í flestum tilfellum góð og án athugasemda. Innra eftirlit reyndist vera veikur hlekkur á mörgum tannlæknastofum eftirlitssvæðisins.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hafnaði kröfu um ógildingu á endurnýjun starfsleyfis bílaþvottastöðvar. Þar sem bílaþvottastöðin fylgdi ekki kröfum starfsleyfis um hávaðavarnir afturkallaði heilbrigðisnefnd starfsleyfið og starfsemin hætti rekstri.

Í gildi er sérstök reglugerð um úrvinnslu ökutækja þar sem kröfur um gagnasöfnun eru gerðar til bílapartasala um ráðstöfun bílhuta, olíu og efnavöru, öðru tilfallandi og málmúrgangi sem til fellur við reksturinn. Mun ríkari kröfur en gerðar eru til annarra fyrirtækja í bílgreininni. Heilbrigðisnefnd á að safna þessum gögnum og senda árlega skýrslu til Umhverfisstofnunar. Á svæði nefndarinnar voru í byrjun árs 2013 tíu starfandi partasölur, allar í Hafnarfirði. Á árinu var unnin skýrsla fyrir árið 2012 og send Umhverfisstofnun. Í ljósi mikillar vinnu við að afla ómarkvissra upplýsinga lagði heilbrigðisnefnd til við Umhverfis- og auðlindaráðuneytið að fella úr gildi eða a.m.k. endurskoða framkvæmd þessarar upplýsingaöflunar.

Á vegum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga er starfandi vinnuhópur á sviði umhverfisgæða. Heilbrigðiseftirlitið leggur til einn starfsmann í þann hóp. Haldnir voru 6 fundir á árinu þar sem fjallað var um samræmingu mengunarvarnaeftirlits og umhverfisviðmið. Á vordögum lauk hópurinn við skýrslu vegna úttektar sem hann vann á hreinsivirkni olíugildra en gagnasöfnun fór að mestu fram á árinu 2012. Á árinu hófst síðan samræmt verkefni er varðar úttektir á loðdýr- og þauleldisbúum öðrum en í fiskeldi. Með

verkefninu er ætlunin að samræma aðkomu eftirlits að greininni. Flest eftirlitssvæðin luku úttektum á árinu en vinna við skýrslugerð er áformuð á fyrri hluta 2014.

Umhverfisstofnun hefur á undanförunum árum beitt sér að mengunarvörnum í tengslum við olíuháða starfsemi, s.s. úttektum á olíuskiljum o.fl. Kallað hefur verið eftir endurskoðun reglugerðar um varnir við olíumengun frá starfsemi í landi. Á árinu vann hann að samræmingu á reglum um birgðahald og olíudreifingu á flugvöllum landsins.

Dagana 3. og 4. september hélt hópurinn starfsdaga í Reykjavík undir yfirskriftinni, Fituskiljur og fráveitur. Fengnir voru sérfræðingar í hreinsun fráveituvatns til viðræðna og fyrirlestrahalds. Hörð fita veldur víða miklum rekstrarvanda í lagnakerfum og hreinsivirkjum fráveitna sveitarfélaga. Áformar hópurinn að vinna tillögur að ákvæðum sem þau geti sett í fráveitusamþykktir sínar til að árétta kröfur um fituskiljur við tilteknar starfsgeinar.

Tíðni reglubundins eftirlits til fyrirtækja í þessum flokki er að jafnaði ein eftirlitsferð á ári eða eftirlit annað hvert ár. Skráðar eftirlitsferðir urðu alls 351 en áætlaðar voru að lágmarki 340 eftirlitsferðir. Eftirlitsferðir í fyrirtæki og stofnanir sem hættu rekstri á árinu eru ekki meðtaldar.

	Málm- og bílgrein	Efna- og tímberið.	Fóður-og matvæli	Jarðefna-vinnsla	Úrgangsmál	Annað*	Samtals
Fj. staða 31.12.2011	311	108	41	6	18	36	520
Fj. staða sem fengu eftirlit	197	33	13	1	7	13	264
Fj. eftirlitsferða	244	44	24	1	17	21	351

Mengunarvarnaeftirlit Fjöldi staða 31.12.2013. áætlaður fjöldi eftirlitsferða og skráðar eftirlitsferðir

*Annað er s.s. vörugymslur, íþróttasvæði og starfsemi tengd dýrahaldi.

Fjármál

Kostnaði er haldið aðgreindum vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits annars vegar og eftirlits með hundahaldi hins vegar. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að sértekjur næmu um 68 % af rekstrarkostnaði við heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit og að um 32% kostnaðar yrði mætt með beinu framlagi af sveitarfélögum. Í sértekjum eru allar tekjur s.s. vegna þjónustuverkefna, eftirlitsgjalda, starfsleyfigjalda, vottorða o.þ.h. Allur kostnaður vegna eftirlits með hundahaldi á að greiðast af sértekjum. Í niðurstöðutölum rekstrarreiknings árið 2013 eru sértekjur vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits kr. 64.295.663 eða 71% af rekstrarkostnaði. Kostnaður vegna eftirlits með hundahaldi var á árinu kr. 22.017.675 og tekjur kr. 22.017.675. Í meðfylgjandi töflu eru samburðartölur árána 2009 til 2013, án fjármagnsliða, vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits. Íbúatölur eru sömu og við uppgjör ársreiknings og miðast við upphaf árs.

Samanburður á fjölda fyrirtækja í árslok, ársverkum, heildarkostnaði, kostnaði pr. íbúa, kostnaði pr. fyrirtæki og kostnaði pr. stöðugildi árin 2009 til 2013 á verðlagi hvers árs.

	Íbúafjöldi.	Fyrirtæki og stofnanir (starfsleyfissskyld)	Ársverk	Heildar kostnaður kr.	Kostnaður pr. íbúa kr.	Kostnaður pr. fyrirtæki kr.	Kostnaður pr. ársverk kr.
2013	72406	1483	8	89.862.829	1241	60.595	11.232.854
2012	71393	1413	7,6	84.554.428	1184	59.840	11.125.583
2011	69436	1383	7,6	75.877.902	1093	54.865	9.983.934
2010	68702	1403	6,5	71.508.057	1041	50.968	11.001.240
2009	69552	1387	7,2	68.288.641	982	49.295	9.484.533

Í meðfylgjandi töflu eru samanburðartölur árána 2009 til 2013 vegna eftirlits með hundahaldi.

Samanburður á fjölda skráðra hunda í árslok, ársverk, heildarkostnaði, kostnaði pr. íbúa, kostnaði pr. hund og kostnaði pr. stöðugildi árin 2009 – 2013 á verðlagi hvers árs.

	Íbúafjöldi	Fjöldi hunda	Ársverk	Heildar kostnaður kr.	Kostnaður pr. íbúa kr.	Kostnaður pr. hund kr.	Kostnaður pr. ársverk kr.
2013	72406	2380	1,5	22.017.675	304	10.804	14.678.450
2012	71393	2269	1,5	22.724.577	318	10.015	15.149.718
2011	69436	2295	1,5	21.884.270	315	9536	14.589.513
2010	68702	2183	1,5	19.521.442	284	8942	13.014.285
2009	69552	2012	1,8	18.140.265	261	9016	10.077.925

31. mars 2014

Guðmundur H. Einarsson